



**Sjálfsmatsskýrsla**  
**Menntaskólans í Reykjavík**  
**2016 - 2017**

**Gæðastjóri**

Eydís Ýr Guðmundsdóttir

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir .....	1
2.	Sjálfsmat .....	3
2.1	Síðastliðin ár .....	3
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2016- 2017 .....	3
2.2.1	Samantekt jólaþróa .....	3
2.2.2	Kennslukönnun .....	4
2.2.3	Könnun meðal forráðamanna nýnema.....	13
2.2.4	Starfendarannsókn.....	15
2.2.5	Skólanámskrá .....	17
2.2.6	Umbótaáætlun .....	18
2.3	Annað .....	19
3.	Lokaorð .....	19

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólstarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtíma ávinning að leiðarljósi. Með skólstarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Enn fremur er leitast við að gera skólstarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra hlutaðeigandi.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir sjö síðastliðin ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólstarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsgöðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, fulltrúum fagstjóra, kennslustjóra og gæðastjóra. Tveir þeir síðast töldu skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans.

### 1.1 Stefnuskra, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið skólans að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða utan að loknu stúdentsprófi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbriggt lífverni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmynd og mótuneyti nemanda býður upp á hollan mat í hádeginu.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við Mennta- og menningar- málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	851	836	50	5,98%	65	7,65%
2017	855					

Í upphafi skólaárs 2016-17 voru innritaðir nemendur 851, þar af voru 126 eða 15% á málabraut og 725 eða 85% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 61% nemenda stúlkur og 39% piltar. Í vor voru 202 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2016-17 voru starfsmenn skólans 95, þar af 75 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 á skrifstofu en annar þeirra er einnig bókasafnsfræðingur, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mótuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur, 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu og umsjón með námskerfi) og 6 með ræstingar. Kynjaskipting var nokkuð jöfn í starfsmannahópnum, 54 konur og 41 karl.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf og 43 með meistaraþróf. Einn leiðbeinandi var með undanþágu til kennslu veturinn 2016-2017 og 10 aðrir voru án kennsluréttinda og kenndu þeir 6 vikustundir eða færri.

## 2. Sjálfsmat

### 2.1 Síðastliðin ár


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og rafræn kennslukönnun, sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni, heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og eru efnistösk þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2016-2017 sneri hún að líðan og þörfum nemenda. Könnun á aðbúnaði nemenda við skólann var endurtekin frá fyrra ári vegna galla í framsetningu árið áður. Starfendakannanir eru gerðar reglulega og skólaárið 2016-2017 gerðu nokkrir umsjónarkennarar rannsókn á líðan nýnema. Undanfarin ár hafa rafrænar viðhorfskannanir verið sendar til forráðamanna nýnema og nemenda í á öðru ári. Samkvæmt áætlun var send könnun til forráðamanna nýnema vorið 2017.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að líta til veikra og ekki síður sterkra hliða niðurstöðu könnunar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

### 2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2016 - 2017

#### 2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Niðurstöður jólaþrófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í janúar.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþróaárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim, sem ekki hefur gengið sem skyldi, veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut. Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestraröruggleika, kvíðaröskun og nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

## 2.2.2 Kennslukönnun

Í apríl 2017 var gerð kennslukönnun meðal nemenda skólans. Síðastliðin ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni. Könnunin er viðhorfskönnun og er venjulega í tveimur hlutum. Árið 2017 var fyrri hluti könnunarinnar um kennslu og viðhorf til kennara en sá síðari var um líðan og þarfir nemenda og einnig var könnun um aðbúnað nemenda endurtekin fyrra fyrra ári.

### Niðurstöður kennslukönnunar

Eftirfarandi töflur sýna svör nemenda við spurningum könnunarinnar. Einnig gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á skalanum 1 til 10.

Fjöldi þátttakenda í I. hluta könnunarinnar var 718 sem er 86% svarhlutfall.

Samantekt viðhorfskönnunar í I. hluta kennslukönnunar er svohljóðandi:

Samantekt um kennara	Mjög góður	Frekar góður	Í meðallagi	Frekar slæmur	Mjög slæmur	Fjöldi
1. Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	4083	1291	675	191	87	6328
	<b>Mjög vel</b>	<b>Frekar vel</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar illa</b>	<b>Mjög illa</b>	<b>Fjöldi</b>
2. Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	3444	1460	803	397	220	6324
3. Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	4056	1132	689	282	156	6315
	<b>Mjög ánægð(ur)</b>	<b>Frekar ánægð(ur)</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar óánægð(ur)</b>	<b>Mjög óánægð(ur)</b>	<b>Fjöldi</b>
4. Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	3659	1288	801	364	206	6318
	<b>Mjög vel</b>	<b>Frekar vel</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar illa</b>	<b>Mjög illa</b>	<b>Fjöldi</b>
5. Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	2668	1608	1142	585	303	6306
6. Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	2959	1755	1052	356	186	6308

	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Fjöldi
7. Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	3650	826	756	188	725	6145
8. Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	2237	602	1044	409	1785	6077
	<b>Alltof mikið</b>	<b>Of mikið</b>	<b>Hæfilegt</b>	<b>Ekki nógu mikið</b>	<b>Alltof lítið</b>	<b>Fjöldi</b>
9. Finnst þér vinnuálagið í námsgreininni vera of mikið eða of lítið?	495	890	4520	260	99	6264
	<b>Mikil</b>	<b>Hæfileg</b>	<b>Of lítil</b>	<b>Alltof lítil</b>	<b>Engin</b>	<b>Fjöldi</b>
10. Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	2708	2867	206	54	354	6189

Við samantekt á framangreindri viðhorfskönnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. 85% telja undirbúning kennarans fyrir kennslustundir mjög góðan eða frekar góðan en 10,6% telja hann vera í meðallagi góðan.
2. 77,5% telja kennarann útskýra námsefnið mjög vel eða frekar vel en 12,5% telja útskýringar vera í meðallagi góðar.
3. 82% eru telja kennarann bregðast mjög vel eða frekar vel við spurningum um námsefnið en 11% telja hann bregðast í meðallagi vel við.
4. 78,5% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskiptin við kennarann en 12,5% eru í meðallagi ánægð.
5. 68% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að virkja nemendur í kennslustundum en 18% telja að það takist í meðallagi.
6. 75% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að halda uppi góðum aga í bekknum en 16,5% telja að það takist í meðallagi.
7. 73% eru telja að kennarinn skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 12,5% telja að það takist í meðallagi.
8. 47% telja að kennarinn birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 17% telja að það takist í meðallagi en 36% telja kennarann gera það frekar sjaldan eða mjög sjaldan.
9. 22% telja vinnuálag í viðkomandi grein vera alltof mikið eða of mikið, 72% telja það hæfilegt en 6% telja það ekki nógu mikið eða alltof lítið.
10. 90% telja tengsl heimavinnu við námsefnið vera mikil eða hæfileg.

Af þessari samantekt má sjá að meirihluti nemenda er mjög ánægður eða ánægður með kennara sína og nám almennt. Útkoman er ívið lakari en síðastliðið ár en er nokkurn veginn samkvæmt viðmiði sem var að æskilegt væri að 90% nemenda væru mjög ánægðir, ánægðir og í meðallagi ánægðir með verklag kennara sinna.

Á undanfögnu árum hafa liðir 7 og 8 verið athugaðir sérstaklega.

Snemma árs 2017 var haldin fundur meðal kennara þar sem þessir liðir voru ræddir sérstaklega. Fundurinn hefur skilað dálitlum árangri varðandi þetta. Í könnuninni 2015-16 töldu 66% nemenda kennara skrá mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu. Könnunin 2016-2017 leiðir hins vegar í ljós að 73% nemenda telja kennara skrá mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu. Þannig að hér kemur fram 7% aukning.

Í könnuninni 2015-2016 töldu 42% nemenda kennara birta mjög oft eða frekar oft einkunnir á Námsnetinu en í síðustu könnun var sú tala komin upp í 47%. Aukningin nemur 5%.

Svo virðist sem Námsnetið sé meira notað af kennurum en síðastliðin ár og mun gæðastjóri og rektor halda áfram að hvetja fagstjóra til dáða og með því að senda áminningar á alla kennara. En þarna má enn bæta um betur.

Í spurningu 9 kemur í ljós aukning varðandi vinnuálag. Veturinn 2016-17 var í fyrsta skiptið kennt samkvæmt þriggja ára námskerfi og gæti orsökina legið þar.

Nemendur gáfu kennurum sínum einkunn á bilinu 1-10. Meðaltal einkunna var **8,15**.

20 kennarar eða 25% fengu ágætiseinkunn.

43 kennari eða 54% fengu I. einkunn.

10 kennarar eða 13% fengu II. einkunn.

5 kennarar eða 6% fengu III. einkunn.

1 kennari eða 1% fékk falleinkunn.

Viðmiðið var að 80% kennara fengju ágætis- eða I. einkunn og er því marki næstum náð.

## Kennslukönnun II. hluti - Líðan, þarfir, starfsandi og samstarf

	mjög vel	vel	sæmilega	frekar illa	mjög illa	fjöldi
1. Hvernig líður þér almennt í skólanum?	257	208	104	31	12	612
	mjög vel	vel	sæmilega	frekar illa	mjög illa	
2. Hvernig hefur þér gengið í náminu í vetur?	120	198	206	66	18	608
	félagslíf tekur mikinn tíma	tómstundir / íþróttir taka mikinn tíma	annað nám tekur mikinn tíma	launuð vinna tekur mikinn tíma	aðrar orsakir	
Ef þér gengur frekar illa, eða mjög illa, hvað veldur því?	54	116	41	42	169	422
	of lítið	frekar lítið	hæfilegt	frekar mikið	of mikið	
3. Hvað finnst þér um magn heimanáms? Það er...	5	10	177	248	169	609



	mjög gott	gott	sæmilegt	slæmt	mjög slæmt	á ekki við	fjöldi
4. Hvernig hefur þér almennt fundist viðmót starfsfólks og kennara í MR?	193	278	106	19	6	6	608
5. Hvernig fannst þér viðmót...							
a) starfsmanna á skrifstofu?	297	219	72	5	2	15	610
b) stjórnenda?	293	195	51	10	11	48	608
c) námsráðgjafa?	257	165	52	14	9	108	605
d) umsjónarkennara?	355	149	60	25	16	3	608
e) kennara?	181	276	127	17	5	3	609
f) hjúkrunarfræðings?	183	103	55	10	5	245	601

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

### 1. Spurning varðandi almenna líðan

76% nemenda líður mjög vel eða vel og 17% líður sæmilega en 7% líður frekar eða mjög illa.

### 2. Spurning varðandi árangur í námi

52% nemenda telur sér ganga mjög vel eða vel, 32% sæmilega og 3% telur sér ganga frekar eða mjög illa.

Hvað veldur því að nemendum gengur illa?

13% telja það vera vegna félagslífs, 27% vegna tómtunda, 10% eru í öðru námi, 10% vinna með skólanum og 40% nefna aðrar orsakir.

### 3. Spurning varðandi magn heimanáms

2,5% telja það of lítið eða frekar lítið, 29% telja það hæfilegt en 68,5% telja það frekar eða of mikið.

### 4. Spurning varðandi viðmót starfsfólks og kennara

78,5% telja það mjög gott eða gott, 17,5% telja það sæmilegt og 4% telja það slæmt eða mjög slæmt.

a) 86,5% telja viðmót starfsmanna á skrifstofu vera mjög gott eða gott, 12% sæmilegt og 1,5% telja það slæmt eða mjög slæmt.

b) 87% telja viðmót stjórnenda vera mjög gott eða gott, 9% sæmilegt og 4% telja það slæmt eða mjög slæmt.

c) 85% telja viðmót námsráðgjafa vera mjög gott eða gott, 10,5% sæmilegt og 4,5% telja það slæmt eða mjög slæmt.

d) 83,5% telja viðmót umsjónarkennara vera mjög gott eða gott, 10% sæmilegt og 6,5% telja það slæmt eða mjög slæmt.

e) 75,5% telja viðmót kennara vera mjög gott eða gott, 21% sæmilegt og 3,5% telja það slæmt eða mjög slæmt.

f) 80% telja viðmót hjúkrunarfræðings vera mjög gott eða gott, 15% sæmilegt og 5% telja það slæmt eða mjög slæmt.

Flestum nemendum líður vel í skólanum og meira en helmingi finnst sér ganga vel í náminu. 75,5% - 87% nemenda eru sáttir við viðmót starfsfólks og kennara og er það samkvæmt viðmiði sem var áætlað 75%.

Athygli vekja svör við spurningu 3. Þar kemur fram að 68,5% nemenda telja magn heimanáms frekar eða of mikið. Þetta er ansi hátt hlutfall og verður þetta kannað frekar á næsta ári.

III. hluti könnunarinnar laut að aðbúnaði nemenda við skólann og var sú könnun endurtekin frá fyrra ári vegna galla og var sami háttur hafður á eins og í I. og II. hluta.

Fjöldi þátttakenda í þessum hluta könnunarinnar var 629 nemendur. Niðurstöður eru svohljóðandi:

	<b>Millibyggingu Casa Nova og Elísabetarhúss</b>	<b>Casa Nova</b>	<b>Casa Christi</b>	<b>Fjósínu</b>	<b>Gamla skóla</b>	<b>Fjöldi</b>
1. Í hvaða húsi er heimastofa þín (eða sú stofa sem þú ert oftast í)?	27	148	165	34	217	626
	<b>Mjög góð</b>	<b>Frekar góð</b>	<b>Sæmileg</b>	<b>Frekar léleg</b>	<b>Mjög léleg</b>	<b>Fjöldi</b>
2. Hvernig eru húsgögnin í stofunni (borð og stólar)?	96	227	209	77	17	626
	<b>Mjög góð</b>	<b>Frekar góð</b>	<b>Sæmileg</b>	<b>Frekar léleg</b>	<b>Mjög léleg</b>	
3. Hvernig er lýsing í stofunni þinni?	193	222	145	46	17	623
	<b>Mjög góð</b>	<b>Góð</b>	<b>Sæmileg</b>	<b>Slæm</b>	<b>Mjög slæm</b>	
4. Hvernig eru myndgæði úr skjávarpa?	176	267	145	26	9	623
	<b>Mjög vel</b>	<b>Frekar vel</b>	<b>Sæmilega</b>	<b>Frekar illa</b>	<b>Mjög illa</b>	
5. Sérðu vel á töfluna og skjávarpa í stofunni þinni?	258	299	106	47	15	625
	<b>Mjög góð</b>	<b>Frekar góð</b>	<b>Sæmileg</b>	<b>Frekar slæm</b>	<b>Slæm</b>	
6. Hvernig eru loftgæði í stofunni að þínu mati?	52	106	122	120	225	625
	<b>Mjög góður</b>	<b>Frekar góður</b>	<b>Sæmilegur</b>	<b>Frekar slæmur</b>	<b>Slæmur</b>	
7. Hvernig er hljómburður í stofunni að þínu mati?	146	251	152	51	23	623
	<b>Mjög góð</b>	<b>Frekar góð</b>	<b>Sæmileg</b>	<b>Frekar slæm</b>	<b>Slæm</b>	
8. Hvernig eru hljómgæði úr hátölurum?	123	226	160	71	45	625
	<b>Mjög mikið</b>	<b>Frekar mikið</b>	<b>Af og til</b>	<b>Sjaldan</b>	<b>Aldrei</b>	
9. Er hljóðbært í stofunni, þ.e. heyrast	150	121	212	104	35	622

hljóð á milli stofa?						
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar slæm	Slæm	
10. Hvernig er salernisaðstaða í húsinu þar sem heimastofan þín er?	152	201	160	53	57	623
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar slæm	Slæm	
11. Hvernig er veitingaaðstaða nemenda?	118	209	179	73	42	621
	Góð	Frekar góð	Sæmileg	Slæm	Mjög slæm	
12. Hvernig finnst þér félagsaðstaða nemenda vera?	118	209	179	73	42	621

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

2. **Spurning varðandi húsgögn**

51,5% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 33,5% telja þau vera sæmileg og 15% telja þau frekar léleg eða mjög léleg.

3. **Spurning varðandi lýsingu**

66,5% nemenda telja lýsingu vera mjög góða eða frekar góða, 23% telja hana vera sæmilega og 10% telja hana vera frekar lélega eða frekar lélega.

4. **Spurning varðandi myndgæði úr skjávarpa**

71% nemenda telja myndgæði vera mjög góð eða góð, 23,5% telja þau vera sæmileg og 13,5% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

5. **Spurning varðandi hversu vel nemandi sér á töflu og skjávarpa**

73% nemenda telja sig sjá mjög vel eða frekar vel, 17% sæmilega og 10% frekar illa eða mjög illa.

6. **Spurning varðandi loftgæði**

25,5% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 19,5% telja þau vera sæmileg og 55% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

7. **Spurning varðandi hljómburð**

64% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 27% telja hann vera sæmilegan og 10% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

8. **Spurning varðandi hljómgæði úr hátölurum**

56% telja þau vera mjög góð eða frekar góð, 26% telja þau sæmileg og 18% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

9. **Spurning varðandi hljóðbærni**

43,5% telja mjög eða frekar hljóðbært, 34% telja það vera af og til og 22,5% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

10. **Spurning varðandi salernisaðstöðu**

56,5% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 25,5% telja hana sæmilega og 18% telja hana vera frekar slæma eða slæma.

11. **Spurning varðandi veitingaaðstöðu**

52,5% telja veitingaaðstöðu góða eða frekar góða, 29% telja hana vera sæmilega og 18,5% telja hana vera frekar slæma eða slæma.

## 12. Spurning varðandi félagsaðstöðu

62,5% telja félagsaðstöðu vera góða eða frekar góða, 29% telja hana sæmilega og 8,5% telja hana vera slæma eða mjög slæma.

Ef niðurstöður þessar eru flokkaðar eftir húsum skólans kemur í ljós að í:

### A. Gamla skóla:

**Spurning 2.** eru 39,5% nemenda sem telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 42% telja þau sæmileg og 18,5% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

**Spurning 3.** 68% telja lýsingu góða eða frekar góða, 24% telja hana sæmilega og 8% frekar slæma eða slæma.

**Spurning 4.** 73% telja myndgæði úr skjávarpa mjög góð eða frekar góð og 25% telja þau sæmileg og 2% frekar slæm eða slæm.

**Spurning 5.** 82,5% telja sig sjá vel á töflu og skjávarpa, 11,5% sæmilega og 6% frekar illa eða illa.

**Spurning 6.** 15,5% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 31,5% telja þau vera sæmileg og 53% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 7.** 61,5% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 27,5% telja hann vera sæmilegan og 11% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

**Spurning 8.** 60% telja hljómgæði úr hátölurum vera mjög góð eða frekar góð, 22% telja þau sæmileg og 18% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 9.** 43,5% telja mjög eða frekar hljóðbært, 34% telja það vera af og til og 22,5% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

**Spurning 10.** 43% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 37% telja hana sæmilega og 20% telja hana vera frekar slæma eða slæma.

### B. Fjósínu:

**Spurning 2.** 41% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 32,5% telja þau sæmileg og 26,5% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

**Spurning 3.** 41% telja lýsingu góða eða frekar góða, 32,5% telja hana sæmilega og 26,5% frekar slæma eða slæma.

**Spurning 4.** 67,5% telja myndgæði úr skjávarpa mjög góð eða frekar góð og 26,5% telja þau sæmileg og 6% frekar slæm eða slæm.

**Spurning 5.** 62% telja sig sjá vel á töflu og skjávarpa, 15% sæmilega og 23% frekar illa eða illa.

**Spurning 6.** 3% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 3% telja þau vera sæmileg og 94% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 7.** 50% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 32,5% telja hann vera sæmilegan og 17,5% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

**Spurning 8.** 56% telja hljómgæði úr hátölurum vera mjög góð eða frekar góð, 26,5% telja þau sæmileg og 17,5% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 9.** 38,5% telja mjög eða frekar hljóðbært, 38,5% telja það vera af og til og 23% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

**Spurning 10.** 9% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 6% telja hana sæmilega og 85% telja hana vera frekar slæma eða slæma.

### **C. Casa Christi:**

**Spurning 2.** 41% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 38% telja þau sæmileg og 21% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

**Spurning 3.** 46,5% telja lýsingu góða eða frekar góða, 36,5% telja hana sæmilega og 17% frekar slæma eða slæma.

**Spurning 4.** 58% telja myndgæði úr skjávarpa mjög góð eða frekar góð og 229% telja þau sæmileg og 13% frekar slæm eða slæm.

**Spurning 5.** 56,5% telja sig sjá vel á töflu og skjávarpa, 28% sæmilega og 15,5% frekar illa eða illa.

**Spurning 6.** 3,5% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 5% telja þau vera sæmileg og 91,5% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 7.** 46,5% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 32% telja hann vera sæmilegan og 21,5% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

**Spurning 8.** 48% telja hljómgæði úr hátölurum vera mjög góð eða frekar góð, 34% telja þau sæmileg og 18% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 9.** 50% telja mjög eða frekar hljóðbært, 37,5% telja það vera af og til og 12,5% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

**Spurning 10.** 45% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 32% telja hana sæmilega og 23% telja hana vera frekar slæma eða slæma.

### **D. Casa Nova:**

**Spurning 2.** 80% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 15% telja þau sæmileg og 5% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

**Spurning 3.** 91% telja lýsingu góða eða frekar góða, 5,5% telja hana sæmilega og 3,5% frekar slæma eða slæma.

**Spurning 4.** 85% telja myndgæði úr skjávarpa mjög góð eða frekar góð og 13,5% telja þau sæmileg og 1,5% frekar slæm eða slæm.

**Spurning 5.** 82,5% telja sig sjá vel á töflu og skjávarpa, 13,5% sæmilega og 4% frekar illa eða illa.

**Spurning 6.** 64,5% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 20% telja þau vera sæmileg og 15,5% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 7.** 84,5% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 12% telja hann vera sæmilegan og 3,5% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

**Spurning 8.** 59% telja hljómgæði úr hátölurum vera mjög góð eða frekar góð, 19% telja þau sæmileg og 22% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 9.** 9,5% telja mjög eða frekar hljóðbært, 37,5% telja það vera af og til og 53% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

**Spurning 10.** 90% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 9,5% telja hana sæmilega og 0,5% telja hana vera frekar slæma eða slæma.

### **E. Millibyggingu Casa Nova og Elísabetarhúss:**

**Spurning 2.** 48,5% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 42,5% telja þau sæmileg og 9% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

**Spurning 3.** 63,5% telja lýsingu góða eða frekar góða, 24,5% telja hana sæmilega og 12% frekar slæma eða slæma.

**Spurning 4.** 63,5% telja myndgæði úr skjávarpa mjög góð eða frekar góð og 24,5% telja þau sæmileg og 12% frekar slæm eða slæm.

**Spurning 5.** 76% telja sig sjá vel á töflu og skjávarpa, 15% sæmilega og 9% frekar illa eða illa.

**Spurning 6.** 46% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 27% telja þau vera sæmileg og 27% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 7.** 70% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 21% telja hann vera sæmilegan og 9% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

**Spurning 8.** 54,5% telja hljómgaði úr hátölurum vera mjög góð eða frekar góð, 30,5% telja þau sæmileg og 15% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 9.** 45,5% telja mjög eða frekar hljóðbært, 24% telja það vera af og til og 30,5% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

**Spurning 10.** 85% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða og 15% telja hana sæmilega.

### **F. Elísabetarhúsi.**

**Spurning 2.** 69% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 28% telja þau sæmileg og 3% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

**Spurning 3.** 78% telja lýsingu góða eða frekar góða og 22% telja hana sæmilega.

**Spurning 4.** 70% telja myndgæði úr skjávarpa mjög góð eða frekar góð og 22,5% telja þau sæmileg og 7,5% frekar slæm eða slæm.

**Spurning 5.** 60,5% telja sig sjá vel á töflu og skjávarpa, 18% sæmilega og 21,5% frekar illa eða illa.

**Spurning 6.** 22,5% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 22,5% telja þau vera sæmileg og 55% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 7.** 81% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 15% telja hann vera sæmilegan og 4% telja hann vera frekar slæman eða slæman.

**Spurning 8.** 63% telja hljómgaði úr hátölurum vera mjög góð eða frekar góð, 26% telja þau sæmileg og 11% telja þau vera frekar slæm eða slæm.

**Spurning 9.** 22,5% telja mjög eða frekar hljóðbært, 40% telja það vera af og til og 37% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.

**Spurning 10.** 78% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 22% telja hana sæmilega.

### **Niðurstaða:**

Af þessari samantekt sést að 33,5% allra nemenda telja húsgögn skólans vera sæmileg (spurning 2). Meirihluti nemenda (55%) telja loftgæði vera frekar slæm eða slæm (spurning 6) og mjög margir (43,5%) telja mjög eða frekar hljóðbært í kennslustofunum (spurning 9).

Á undanförunum árum hafa húsgögn verið endurnýjuð smátt og smátt eftir eignum og aðstæðum. Nú er svo komið að búið er að endurnýja húsgögn í öllum byggingum skólans og hefur skólinn notið styrkja frá foreldrafélagi skólans og afmælisárgöngum.

Hvað varðar loftgæði, þá er það staðreynd að Menntaskólinn í Reykjavík býr við húsakost sem er að hluta til gamall, nokkrar skólastofur eru litlar miðað við fjölda nemenda og því erfitt í sumum stofum að viðhalda góðu lofti. Kennarar og starfsfólk eru meðvitað um þetta vandamál og hafa kennarar og nemendur verið og verða minntir á að hafa opna glugga og dyr í frímínútum og þá sérstaklega í eldri húsum skólans: Gamla skóla, Fjósínu og Casa Christi.

Casa Nova kemur vel út úr þessari könnun en athygli vekur að í Millibyggingu eru aðeins 46% sem telja loftgæði vera góð eða frekar góð og í Elísabetarhúsi eru aðeins 22% sem telja loftgæði góð eða frekar góð. Þessi tvö hús eru nýleg og þarfnast þetta frekari rannsóknar. Stjórnendur Menntaskólinn í Reykjavík létu rannsaka loftgæði fyrir nokkrum árum og kom sú athugun vel út en nú er komin tími á nýja rannsókn sem verður væntanlega framkvæmd sem fyrst.

Í þessari könnun kemur í ljós að hljóðbærni er mikil milli stofa og þá sérstaklega í Gamla skóla og Casa Christi. Kennarar og starfsfólk eru meðvituð um þetta vandamál og hafa kennarar og nemendur verið og verða minntir á að stilla ekki hátalara of hátt í kennslustundum og nemendur hafa verið og verða minntir á að viðhafa ekki hávaða á göngum skólans.

Hvað varðar salernisaðstöðu sést að í Gamla skóla og Casa Christi er innan við helmingur nemenda sem telja salernisaðstöðu góða eða frekar góða og í Fjósínu er ekki salerni þannig að nemendur þurfa að nota salerni í Gamla skóla. Salerni Gömlu húsanna eru fá og húsin eru gömul. Vonandi verður nýtt skólahús reist sem fyrst til að bæta úr þessu.

Hvað varðar aðra þætti þessarar könnunar þá eru svör með svipuðu sniði og áður og eru viðunandi.

### 2.2.3 Könnun meðal forráðamanna nýnema

Samstarf heimila og skóla er mikilvægur hlekkur í skólasterfinu. Einn liður í því samstarfi eru viðhorfskannanir forráðamanna nemenda. Könnunin fór að þessu sinni fram í apríl 2017 og var send til allra forráðamanna nýnemenda við skólann. 63 svöruðu könnuninni.

Að þessu sinni voru foreldrar spurðir um líðan nemenda, magn heimanáms eftir greinum, kannað var hversu vel forráðamenn þekktu þjónustu sem skólinn býður upp á og hvernig hún nýttist.

### Könnun meðal forráðamanna nýnema við Menntaskólann í Reykjavík

Nemandinn er: stúlka 18, piltur 42

	mjög vel	vel	sæmilega	frekar illa	mjög illa	
1. Hvernig telur þú að nemandanum líði almennt í skólanum?	19	28	8	2	3	
	of lítið	frekar lítið	hæfilegt	frekar mikið	of mikið	
2. Hvað finnst þér um magn heimanáms nemandans? Það er...	1	0	10	24	29	
3. Hvað finnst þér um fjölda smáprófa innan greina?	of sjaldan	frekar sjaldan	hæfilega oft	frekar oft	of oft	á ekki við
a) íslenska	1	0	39	15	7	0
b) danska	1	0	41	5	8	6
c) enska						
d) 3.mál	2	3	39	10	4	3
e) latína	1	1	5	2	0	43

f) saga	2	1	39	11	6	2
g) stærðfræði	1	0	20	25	16	0
h) efnafræði	1	2	34	9	6	7
i) jarðfræði	1	1	42	11	6	0
j) líffræði	1	0	39	7	7	5
k) tölvufræði	3	1	44	5	2	4
l) íþróttir	1	1	46	3	2	8
m) lífsleikni	1	1	40	0	0	15

	já	nei
4. Hefur þú leitað eftir upplýsingum á heimasíðu skólans?	55	6
5. Hefur þú farið inn á svæði nemandans í Innu?	40	22
6. Hefur þú farið inn á svæði nemandans á námsnetinu?	26	36
7. Vissir þú að það er boðið uppá stoðtíma í íslensku, stærðfræði, latínu og efnafræði í MR?	53	10
8. Hefur þú þurft að leita til skólans með einhver erindi í vetur?	28	35

	mjög gott	gott	sæmilegt	slæmt	mjög slæmt	á ekki við
9. Hvernig hefur þér almennt fundist viðmót starfsfólks og kennara í MR?	26	25	2	0	0	4
10. Hvernig fannst þér viðmót...						
a) starfsmanna á skrifstofu?	30	16	3	0	0	12
b) stjórnenda ?	21	9	4	1	0	25
c) námsráðgjafa ?	11	1	6	0	0	41
d) umsjónarkennara ?	25	9	5	1	2	19
e) kennara ?	15	6	5	1	1	31
f) hjúkrunarfræðings ?	6	2	0	1	0	51

### Niðurstaða:

**Spurning 1.** 78,5% foreldra telja að nemandanum líði mjög vel eða vel, 13,5% telja að nemandanum líði sæmilega og 8% telja að nemandanum líði frekar eða mjög illa.

**Spurning 2.** 1,5% telja magn heimanáms of lítið eða frekar lítið, 16% telja það hæfilegt og 82,5% telja heimanám vera frekar eða of mikið.

**Spurning 3.** Þegar lítið er á niðurstöður þessarar spurningar sést að 55% - 95% foreldra telja fjölda smáprófa í viðkomandi grein hæfilegt. Stærðfræðin sker sig úr því þar telja 66% foreldra að smápróf séu frekar eða of oft.

Því miður datt út í úrvinnslu spurningin um magn smáprófa í ensku.

**Spurning 4.** 90% foreldra höfðu leitað eftir upplýsingum á heimasíðu skólans.



**Spurning 5.** 65% höfðu farið inn á svæði nemandans í Innu.

**Spurning 6.** 42% höfðu skoðað svæði nemandans á námsnetinu.

**Spurning 7.** 84% vissu um stoðtíma.

**Spurning 8.** 44% höfðu þurft að leita til skólans með erindi og þar af töldu

a) 94% viðmót starfsmanna á skrifstofu vera mjög gott eða gott.

b) 86% viðmót stjórnenda vera mjög gott eða gott.

c) 67% viðmót námsráðgjafa vera mjög gott eða gott.

d) 81% viðmót umsjónarkennara vera mjög gott eða gott.

e) 75% viðmót kennara vera mjög gott eða gott.

f) 89% viðmót hjúkrunarfræðings vera mjög gott eða gott.

Við nánari athugun sést að foreldrar telja að nemendum líði vel í skólanum og 85,5% foreldra telja heimanám vera frekar mikið eða of mikið. Flestir foreldrar telja fjölda smáprófa vera hæfilegan en stærðfræði virðist hafa flest smápróf sem að mati foreldra er oft eða of oft. Foreldrar þekkja nokkuð vel inn á námskerfi skólans og eru flestir ánægðir með viðmót starfsfólks.

## 2.2.4 Starfendarannsókn

### Nýnemaviðtöl

Haustið 2016 útbjó námsráðgjafi spurningalista sem nokkrir umsjónarkennarar lögðu fyrir bekkji sína í fyrsta umsjónarviðtali vetrarins sem var í september. Spurningarlisti þessi reyndist hinn gagnlegasti jafnt fyrir fyrir nemendur sem kennara. Þar komu fram spurningar sem lutu að almennri líðan nemendanna og einnig spurningar um það hvort þau þekktu til þeirrar þjónustu sem skólinn veitir. Vorið 2017 í seinna umsjónarviðtali vetrarins fóru nemendur ásamt umsjónarkennara sínum í gegn um listann aftur og var þá hægt að skoða hvað hafði breyst og hvort ráðleggingar umsjónarkennara hefðu gert gagn eða ekki. Spurningalistinn var eftirfarandi:

Nafn: \_\_\_\_\_

1. Hvernig líður þér í MR? (Krossa við eitt svar)

Ágætlega <b>17</b>
Allt í lagi <b>7</b>
Sæmilega <b>2</b>
Ekki vel <b>1</b>

2. Hvernig gengur námið í MR?

Allt er mjög auðvelt fyrir mig <b>1</b>
Mér gengur bara vel í náminu <b>12</b>
Ég á í erfiðleikum með einn ákveðinn áfanga <b>7</b>
Námið er miklu erfiðara en ég hélt <b>1</b>
Mig vantar meiri aðstoð í náminu <b>4</b>
Mér finnst allt námið erfitt <b>1</b>

3. Hvað finnst þér um kennsluna í MR? (velja eitt svar)

Allir kennararnir mínir eru ágætir <b>8</b>
Flestir kennararnir eru ágætir <b>14</b>
Sumir kennararnir mættu vera hjálplegri <b>5</b>

4. Hversu miklum tíma eyðir þú að jafnaði í heimanám á dag? 1-2 = **17**, 2-3 = **3**, 3-5 = **7**

5. Hefur þú farið í stoðtímana? Já **11** Nei **16**

Ef já, hvað finnst þér um þá? **Fínir**

6. Þekkir þú marga í MR? (velja eitt svar)

Já ég á marga vini í MR <b>18</b>
Nei, ég þekki eiginlega engan í MR <b>2</b>
Ég þekki fáa krakka en á samt vin/vini <b>3</b>
Maður kynnist alveg fullt af fólki hér <b>4</b>

7. Veist þú hvar námsráðgjafarnir eru í skólanum? Já **17** Nei **10**

8. Veist þú hvar skólahjúkrunarfræðingurinn er í skólanum? Já **15** Nei **12**

9. Finnst þér eldri nemendur kom vel fram? Já **26** Nei **1** Ef nei - á hvern hátt? **Valda kvíða**

10. Hvernig fannst þér nýnemaferðin:

Frábær **12** ágæt **11** sæmileg **2** leiðinleg **0** fór ekki **2**

11. Tómsundur (Þú mátt krossa við fleiri en eitt svar)

Ég er í íþróttum <b>15</b>
Ég er að læra á hljóðfæri <b>7</b>
Ég er í kór <b>6</b>
Ég er að læra myndlist <b>0</b>
Ég stunda skák <b>1</b>
Ég er að semja tónlist <b>3</b>
Ég er í leiklist <b>2</b>
Ég er að vinna með skólanum <b>11</b>
Ekkert á við mig <b>3</b>

Annað: **Flugnám, hestamennska, starf í björgunarsveit**

### Úrvinnsla.

Einn umsjónarkennaranna greindi svör umsjónarbekkjara síns sem taldi 27 nemendur.

#### Spurning 1.

Í ljós kom að af 27 nemendum leið 89% nemenda ágætlega eða allt í lagi í MR, 7,5% sagði sæmilega og 3,5% ekki vel.

Í viðtölum við nemendur ræddi umsjónarkennari sérstaklega við þá 3 nemendur sem leið sæmilega og þann eina sem leið illa, fékk að heyra ástæður, veitti ráð sem dugðu að hluta og vísaði til námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings.

#### Spurning 2.

50% nemenda sagði að námið væri auðvelt eða gengi vel, 27% sagðist eiga í erfiðleikum með eitt fag, 3,5% eða einn nemandi sagði námið miklu erfiðara en hann hélt, 16% taldi sig þurfa meiri aðstoð og 3,5% eða einn nemandi sagði allt námið vera erfitt.

Fagið sem nemendur áttu hvað mest í erfiðleikum með reyndist í flestum tilfellum vera sama fagið. Umsjónarkennari ræddi við viðkomandi kennara sem lét þessa nemendur fá auka kennsluefni og einnig fóru þessir nemendur í stoðtíma í faginu og gekk þeim öllum vel í lokaprófinu nema einum.

#### Spurning 3.

82% nemenda voru ánægðir með kennara sína en 18% sögðu suma mega vera hjálplegri.

Umsjónarkennari ítrekaði við nemendur að notfæra sér stoðtíma og einnig að vera duglegri að spyrja viðkomandi kennara og jafnvel að fá aðstoð við lærdóm heima fyrir.

#### Spurningar 4, 5 og 6.

63% nemenda sögðist eyða 1-2 klst í heimanám, 11% sagðist læra heimaí 2-3 klst og 26% sagðist læra í 3-5 klst á dag. Umsjónarkennari bar saman með nemendum fjölda

heimavinnustunda og árangurs úr smáprófum. Þar kom í ljós að sumir þurftu að læra aðeins lengur en þeir sem sögðust læra mikið en fengu samt lélegar einkunnir þurftu að endurskoða hvernig þeir höguðu heimanámi sínu úr því það nýttist ekki sem skyldi.

Rúmlega helmingur nemenda sagðist ekki nýta sér stoðtíma sem boðið er uppá við skólann og gaf það umsjónarkennara tilefni til að brýna fyrir þeim um að notfæra sér þá. Meirihluti taldi stoðtíma vera góða.

#### **Spurning 6.**

Mikill meirihluti nemenda 81,5 % á marga vini í skólanum eða segist kynnast fullt af fólki en 18,5% segist þekkja fáa eða engan. Umsjónarkennari hvatti þá síðastnefndu að til taka þátt í félagslífi og spjalla meira við bekkjarsystkini sín. Einnig ræddi hann við alla um að passa uppá liðsheild í bekknum og gæta þess að enginn yrði útundan í skólanum og á viðburðum sem tengjast honum. Þetta reyndist afar vel og í seinna viðtalinu við bekkinn, í mars 2017 sögðust allir vera sáttir og að bekkjarandinn væri mjög góður, allir látnir vita um viðburði í gegn um fésbókarsíðu bekkjarins og kjörorðið væri «Allir fyrir einn og einn fyrir alla».

#### **Spurningar 7 og 8.**

Það kom á óvart að aðeins um helmingur nemenda vissi hvar námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur eru með aðsetur í skólanum. Auðvelt var að breyta því og allir vissu um aðsetur þeirra í viðtalstímum um vorið.

#### **Spurning 9.**

Öllum nemendum nema einum fannst eldri nemendur koma vel fram og er það afar ánægjulegt. Tollerangar nýnema höfðu átt sér stað mánuði áður og hefur vel til tekist að fá eldri nemendur til að láta það ganga vel. Allt er þetta gert til gamans og vel meint, þó eldri nemendur séu ögn ógnvekjandi við þetta tækifæri.

#### **Spurning 10.**

85% nemenda fannst nýnemaferðin frábær eða ágæt og 7,5% fannst hún sæmileg og 7,5% fóru ekki. Það er alltaf gott að fá vissu fyrir því að vel hafi til tekist við ferðir sem þessar. Þeir tveir nemendur sem fannst ferðin sæmileg sögðu það vera vegna þess að þeir þekktu ekki neinn á þessum tíma, en á vormisseri hafði það breyst og þeir tveir sem ekki fóru voru veikir.

#### **Spurning 11. (nemendur máttu krossa við fleiri en eitt svar)**

55,5% nemenda stunda íþróttir, 26,5% læra á hljóðfæri, 22% eru í kór, 3,5% stunda skák, 11% semja tónlist, 7,5% eru í leiklist og 41% vinna með skólanum. Fyrir umsjónarkennara er mjög mikilvægt að vita aðeins um hvað nemendur gera í frítíma sínum. Á óvart kom hversu margir stunda vinnu meðfram skólanum og gat umsjónarkennari bent þeim á að draga úr henni eins og kostur var, sérstaklega á prófatíma. Að vori þegar annað umsjónarviðtal átti sér stað kom í ljós að nokkrir höfðu hætt vinnu og voru flestir sammála um að nám væri fullt starf.

Þessi spurningalisti reyndist afar gagnlegur og sannaði mikilvægi umsjónarkennara. Í samtölum við nemendur kom í ljós að flest það sem umsjónarkennari hafði lagt til til úrbóta virkaði vel. Allir nemendur bekkjarins náðu prófum um vorið nema einn. Einnig kom í ljós að tveir nemendur sem ekki leið sérstaklega vel í byrjun og voru ekki mjög jákvæðir út í skólann og félagslífið, reyndust vera annars vegar bestir nemandi bekkjarins og hins vegar sá sem ekki náði prófum um vorið. Þetta sýnir að þó nemendum geti gengið afburðavel í náminu geta þeir verið óhamingjusamir og félagslega afskiptir. Ekki má vanrækja þennan hóp og í þannig tilfellum getur umsjónarkennari hjálpað mikið til.

## **2.2.5 Skólanámskrá**

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni. Áfram verður samt haldið með eldri námsbrautalýsingu fyrir

þá nemendur sem enn stunda nám samkvæmt gamla kerfinu og verður því haldið áfram þar til þeir útskrifast, þ.e.a.s. næstu tvö árin.

## 2.2.6 Umbótaáætlun

1. Í viðhorfshluta kennslukönnunar, sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám, kemur fram að flest atriðin sem spurt er um hafa fengið jákvætt mat nemenda eða svipað og fyrir ári síðan og einnig fengu kennarar góða einkunn frá nemendum en meðaltal einkunna var **8,15**.

Á undanförunum árum hefur verið kannað meðal nemenda hvort þeir telji kennara nota námsnetið. Svo virðist sem námsnetið sé aðeins meira notað af kennurum og munu gæðastjóri og rektor halda áfram að hvetja fagstjóra til dáða með því að senda áminningar á alla kennara. En þarna má enn bæta um betur (sjá aðgerðaáætlun).

2. Í könnuninni um líðan og þarfir nemenda og einnig í könnuninni meðal foreldra kemur skýrt fram að heimanám er mikið. Haldinn var fundur í febrúar meðal kennara um heimnám og fjölda smáprófa. Niðurstaða fundarins var að reyna að draga úr heimavinnu nemenda og fjölda prófa. Einnig var Korkurinn (prófaskráning á vefnum) endurskipulagður.

3. Í könnuninni um aðbúnað nemenda kemur í ljós að helmingur nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, mjög margir nemendur skólans telja loftgæði vera frekar slæm eða slæm og mjög eða frekar hljóðbært í kennslustofunum.

Eins og áður segir þá er nú búið að endurnýja húsgögn í öllum byggingum skólans.

Slök loftgæði og hljóðbærni eru staðreyndir í eldri byggingum skólans og verða kennarar minntir á að lofta vel út og stilla hljóði hátalara í hóf (sjá aðgerðaáætlun).

### Aðgerðaráætlun frá 2016-2017

Atriði sem þarf að laga	Ábyrgð	Hvenær?	Hvernig?	Hvernig tókst að fylgja áætlun
1. Kennarar setji einkunnir á námsnetið	Gæðanefndin	Haut 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Póstur sendur.
2. Kennarar færi prófa- og skiladaga verkefna inn á námsnetið	Gæðanefndin	Haut 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Póstur sendur.
3. Minna kennara á að lofta vel út úr kennslustofum	Gæðanefndin	Haut 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Póstur sendur.
4. Minna kennara á að stilla hátalara ekki of hátt	Gæðanefndin	Haut 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Póstur sendur.
5. Hvetja til starfendarannsóknna	Gæðanefndin	Haut 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Póstur sendur.
6. Kanna betur álag í starfi	Gæðastjóri, námsráðgjafar og	Haut 2016	Gæðastjóri, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur gera könnun sem lögð verður fyrir kennara vor	Var ekki gert.

	hjúkrunarfræðingur		2017	
--	--------------------	--	------	--

## Aðgerðaráætlun 2017-2018

Það sem þarf að gera og laga	Ábyrgð	Hvenær?	Hvernig?
1. Hvetja kennara til aukinnar notkunar á námsnetinu. Setja inn prófadaga, skiladaga verkefna og einkunnir.	Gæðanefndin	Haust og vor.	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
2. Minna kennara, nemendur og starfsfólk á að lofta vel út úr kennslustofum. Fá ef til vill rannsókn á loftgæðum frá fagfólki.	Gæðanefndin	Haust og vor.	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
3. Minna kennara á að stilla hátalara ekki of hátt og nemendur á að viðhafa ekki hávaða á göngum skólans vegna hljóðbærni.	Gæðanefndin	Haust og vor.	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
4. Hvetja kennara til starfendarrannsókna	Gæðanefndin	Haust og vor.	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
5. Kanna álag á kennara og nemendur.	Gæðanefndin, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur	Vormisseri	Könnun meðal kennara og nemenda

## 2.3 Annað

### 1. Starfsmannahandbók

Starfsmannahandbók MR var yfirfarin og prentuð óbreytt þetta ár.

## 3. Lokaorð

Í samræmi við lög um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Skólaárið 2016-2017 voru gerðar ýmsar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hafa verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2016 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið með áherslu á rammaáætlun sem gerð hefur verið til fimm ára í senn (sjá sjálfsmatsáætlun). Skipaðir voru starfshópar sem settu fram spurningar fyrir kennslukönnun og viðhorfskönnun til starfsfólks. Fagstjórar voru beðnir um að leggja fyrir starfendakannanir og haustið 2016 tóku umsjónarkennarar að sér að leggja spurningalista fyrir nemendur sína sem síðan voru greindir. Allar kannanir voru lagðar fyrir í

þeim tilgangi að auka gæði náms, kennslu og stuðla að umbótum á ýmsum sviðum skólastarfsins.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða utan að loknu stúdentsprófi.